



Íþróttamiðstöðin Borg

Sumaropnun

1. júní 2015 – 23. ágúst 2015

Mánudaga - föstudaga

10:00 — 22:00

Laugardaga og sunnudaga

10:00 — 19:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Fjallkona Grímsnes og Grafningshrepps 2015
var Þórkatla Hermannsdóttir og flutti hún
ljóðið Land eftir Stefán Finnsson.





Fundargerð.

370. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 3. júní 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. **Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2015.**

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 20. maí 2015 liggur frammi á fundinum.

2. **Fundargerðir.**

a) **Fundargerð 45. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. maí 2015.**

Mál nr. 3 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 45. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. maí 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Skólastarfið, grunnskóladeild og leikskóladeild.

Fræðslunefnd skorar á sveitarstjórn að kaupa stóla fyrir leikskóladeild til að öll börn hafi sæti og að þeir verði keyptir án þess að það hafi áhrif á rekstur skólans. Sveitarstjóra falið að vinna að lausn málsins í samráði við skólastjóra.

Mál nr. 5: Önnur mál.

a) *Fræðslunefnd skorar á skólastjórn í samráði við sveitarstjórn að halda fund með foreldrum elstu bekkjanna í Kerhólsskóla til að ræða fyrirhugaðar breytingar á málum 9. og 10. bekkjar. Nú þegar hefur verið sent bréf heim til allra foreldra barna í Kerhólsskóla og þann 11. júní n.k. verður íbúafundur í Félagsheimilinu Borg þar sem meðal annars skýrsla Capacent verður kynnt ásamt því að málefni 9. og 10. bekkjar verða rædd.*

Gamla Borg
KAFFIHÚS OG VEISLUSALUR
Í HJARTA GRÍMSNESS



Prjónakaffi á Gömlu Borg

*Fyrsta þriðjudagskvöld í hverjum mánuði
kl. 20:00 er prjónakvöld á Gömlu Borg.*


Allir velkomnir og munið eftir prjónunum!



Saumakompan Kringlu Grímsnesi

*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir
Sími 486 4515



ORMSSTAÐIR



Fjölskyldurekið
svínabú

ÍSLENSKT SVÍNAKJÖT, beint frá bónda :)

Heimasala
Opið eftir samkomulagi

Sími 891-0932

Sjá www.ormsstadir.is

**Við erum líka á facebook, Ormsstaðir, Pantanir
og allar upplýsingar í síma**

894 - 0932 eða 486 - 4465

ormsstadir@ormsstadir.is

Myndasýning

Sunnudaginn 19. júlí n.k.

mun Guðfinna Ragnarsdóttir sýna viðtölin í
Félagsheimilinu Borg sem hún tók við systurnar,
Ingunni og Ólöfu Stefánsdætur frá Minni- Borg,
í vetur .

Sýningin hefst kl. 13:00

Kaffiveitingar

Allir velkomnir - Aðgangur ókeypis

Hollvinir Grímsness

b) 90. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 28. maí 2015.

Mál nr. 19 og 22 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 90. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 28. maí 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 19: 1505059 - Nesjavellir 170930: Afmörkun lóðar.

Lögð fram umsókn um staðfestingu á afmörkun og stærð lóðar með lnr. 170930 utan um 41,9 fm sumarhús í landi Nesjavalla í Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afmörkun og stærð lóðarinnar.

Mál nr. 22: 1505002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-07.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí 2015.

c) Fundargerð 1. fundar samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitar stjóra í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi ásamt samstarfsyfirlýsingu, 25. mars 2015.

Samstarfsyfirlýsingin þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 1. fundargerð samstarfsnefndar lögreglustjóra og sveitarstjóra í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi, dags. 25. mars 2015. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar; **Samstarfsyfirlýsing.**

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samstarfsyfirlýsingu.

3. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur verk- og kostnaðaráætlun frá Péttri H. Jónssyni, skipulagsfræðingi, vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi tilboð og felur sveitarstjóra / oddvita að undirrita samninginn.

4. Bréf frá Félagi sumarhúsaeigenda í Oddsholti vegna beiðni um hitaveitu.

Fyrir liggur bréf frá Félagi sumarhúsaeigenda í Oddsholti, dagsett 26. maí 2015 þar sem óskað er eftir að lagt verði heitt vatn í sumarhúsahverfið í Oddsholti. Skv. fundargerð veitunefndar þann 5. september 2014 var það bókað að 25 umsækjendur þyrfti að lágmarki til þess að hægt verði að hefja framkvæmdir. Sveitarstjórn telur að það sé lágmarksfjöldi svo koma megi framkvæmdinni í fjárhags áætlun.

5. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Grímsborgum, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 26. maí 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V í Hótel Grímsborgum, Ásborgum 23, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.

6. **Bréf frá kennurum Kerhólsskóla vegna óánægju með sálfræðipjónustu hjá Skólapijónustu Árneshvíls.**
Fyrir liggur bréf frá kennurum Kerhólsskóla, dagsett 20. maí 2015 þar sem kennarar lýsa yfir óánægju með seinagang skólapijónustunnar og að ekki sé boðlegt að nemendur biði í heilt skólaár eftir sálfræðipjónustu. Nýverið var verið að auglýsa eftir sálfræðingi til starfa hjá Skóla- og velferðapijónustu Árneshvíls og liggur fyrir að ráðið verði í stöðuna á næstu dögum. Sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir þannig að vandinn verði leystur.
7. **Tölvupóstur frá Guðmundi Guðmundssyni þar sem óskað er eftir styrk vegna Brú til Borgar 2015.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Guðmundi Guðmundssyni, dagsettur 22. maí 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið styrki hátíðina Brú til Borgar með afnotum af Félagsheimilinu Borg þann 29. ágúst n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.
8. **Bréf frá Umhverfisstofnun vegna endurskoðunar á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 – 2016.**
Fyrir liggur bréf frá Umhverfisstofnun, dagsett 20. maí 2015 vegna endurskoðunar á samningi Umhverfisstofnunar og sveitarfélaga um refaveiðar 2014 – 2016. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka við samninginn.
9. **Tölvupóstur frá framkvæmdarstjóra SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu á tveimur kjörnum fulltrúum til þátttöku á fundum um svæðisskipulag ásamt skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Alta um hópaumræður á skipulagsráðstefnu SASS.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Bjarna Guðmundssyni framkvæmdarstjóra SASS, dagsettur 19. maí 2015 þar sem óskað er eftir tilnefningu á tveimur kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins til þátttöku á fundum um svæðisskipulag og mögulegt hlutverk þess við byggðapróun. Jafnframt er lögð fram samantekt ráðgjafafyrirtækisins Alta um hópaumræður á skipulagsráðstefnu SASS sem haldin var þann 25. mars s.l. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Hörður Óli Guðmundsson og Sigrún Jóna Jónsdóttir verði fulltrúar sveitarfélagsins á fundunum.
10. **Tölvupóstur frá Kristínu Hreinsdóttur, verkefnisstjóra SASS þar sem óskað er eftir tilnefningu á tveimur fulltrúum til að skipuleggja menntaþingin fimm á Suðurlandi.**
Fyrir liggur tölvupóstur frá Kristínu Hreinsdóttur, verkefnisstjóra SASS, dagsettur 20. maí 2015 þar sem óskað er eftir tilnefningu á tveimur fulltrúum sveitarfélagsins til að skipuleggja menntaþingin fimm á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að Guðný Tómasdóttir, formaður fræðslunefndar og Sigmar Ólafsson, skólustjóri verði fulltrúar sveitarfélagsins.



Sumarlokun skrifstofu

Grímsnes- og Grafningshrepps.

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa

Grímsnes- og Grafningshrepps

lokuð frá 27. júlí til og með 14. ágúst.

Sumarleyfi sveitarstjórnar

og næstu fundir hennar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi

seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst.

Fundir sveitarstjórnar sumarið 2015 verða því miðvikudaginn 1. júlí og miðvikudaginn 19. ágúst.

Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.

Sveitarstjóri

Þjónustuaðilar í Grímsnes- og Grafningshreppi

www.gogg.is

Allar fundargerðir má finna inn á www.gogg.is

Hellaskoðun á vordögum.



Grunnskóladeildin fór í hellaskoðunarferð mánudaginn 27. maí. Ætlunin var að ganga á Búrfell en sökum mikils hvassviðris þann dag, var ákveðið að fresta göngunni fram á haustið. Við skoðuðum Tintron, Gjábackkahelli og hrauntraðirnar fyrir ofan hann.

Einnig var Laugarvatnshellir skoðaður en hann var mannbústaður fram á síðustu öld, að síðustu var Vegkantshellir skoðaður og fengu 7. og 8. bekkur að fara ofan í hann.



11. **Bréf frá Innanríkisráðuneytinu vegna staðfestingar á samþykktum Bergrisans.**
Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 27. maí 2015 vegna staðfestingar á samþykktum fyrir byggðasamlagið Bergrisann bs. um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi. Lagt fram til kynningar.
12. **Bréf frá Varasjóði húsnæðismála um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði.**
Fyrir liggur bréf frá Varasjóði húsnæðismála, dagsett 21. maí 2015 um framlög til sveitarfélaga vegna sölu félagslegra eignar- og leiguíbúða á almennum markaði. Lagt fram til kynningar.
13. **Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á drögum að reglum um staðfestingu ráðherra á gjaldskrá hitaveitna.**
Fyrir liggur bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dagsett 20. maí 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á drögum að reglum um staðfestingu ráðherra á gjaldskrá hitaveitna. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við fyrirbyggjandi drög.
14. **Skipulagsbreyting vegna Borgarbrautar 20.**
Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2008-2020 innan þéttbýlisins Borg. Breytingin nær til lóðarinnar Borgarbraut 20 sem í dag er skilgreind sem svæði fyrir opinbera þjónustu og var rekinn þar leikskóli þar til hann var fluttur í núverandi skólahúsnæði. Fyrirhugað er að breyta húsi sem stendur á lóðinni í íbúðarhús og þarf því að breyta landnotkun í íbúðarsvæði. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á aðalskipulagi að ræða þar sem hún hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða stór svæði auk þess sem byggingarmagn breytist ekki. Þá er líklegt að breytingin hafi í för með sér minni umferð og þar með jákvæð áhrif á aðliggjandi íbúðarsvæði. Breytingin er samþykkt skv. 2. mgr. 36. gr. Skipulagslaga.
Jafnframt liggur fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi þéttbýlisins Borg. Breytingin nær til lóðarinnar Borgarbraut 20 sem í gildandi skipulagi er lóð fyrir leikskóla. Þar sem starfsemi leikskólans hefur verið flutt er gert ráð fyrir að breyta lóðinni í íbúðarhúsaloð þar sem sömu skilmálar munu gilda eins og um aðrar íbúðarhúsaloðir á Borg. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu á deiliskipulagi að ræða þar sem hún hefur ekki mikil áhrif á byggingarmagn lóðar, útlit eða form. Þá er líklegt að breytingin hafi í för með sér minni umferð og þar með jákvæð áhrif á aðliggjandi íbúðarsvæði. Breytingin er samþykkt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir eigendum húsa við Borgarbraut 8-18.

15. **Kauptilboð í landspildu úr landi Stóru-Borgar.**
Fyrir liggur kauptilboð Grímsnes- og Grafningshrepps í landspildu úr landi Stóru-Borgar að fjárhæð kr. 4.600.000. Sveitarstjórn staðfestir fyrirbyggjandi tilboð og felur oddvita að ganga frá kaupunum.
16. **Sumarleyfi sveitarstjórnar og næstu fundir hennar.**
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að sveitarstjórn verði í sumarleyfi seinni fund í júlí og fyrri fund í ágúst. Jafnframt ætti næsti fundur sveitarstjórnar að vera þann 17. júní n.k. Fundir sveitarstjórnar sumarið 2015 verða því þriðjudaginn 16. júní, miðvikudaginn 1. júlí og miðvikudaginn 19. ágúst. Fundirnir hefjast allir kl. 9:00 f.h.
17. **Sumarlokun á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps.**
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Grímsnes- og Grafningshrepps verði lokað vegna sumarleyfa starfsmanna frá 27. júlí til og með 14. ágúst 2015.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 490. stjórnarfundar 06.02 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 491. stjórnarfundar 16.02 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 492. stjórnarfundar 06.03 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 493. stjórnarfundar 08.04 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 494. stjórnarfundar 08.05 2015.
- ✓ Skýrsla Attentus, mannauður og ráðgjöf, fyrir Mennta- og menningar-
málaráðuneytið. Niðurstaða könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga
nr. 90/2008 um leikskóla og 91/2008 um grunnskóla.
- ✓ Háskólafélag Suðurlands, ársreikningur 2014 ásamt skýrslu.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Velferð málagn og fréttabréf hjartaheilla, 1. tbl. 27. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Bæklingur frá Vinnumálastofnun.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:20



Verslunin Borg

Opnunartími

Alla daga frá 10:00—20:00

Sími : 486-4408

Verið velkomin - alltaf heitt á könnunni

Hundaeigendur athugið

Af gefnu tilefni vil ég minna hundaeigendur á að **lausaganga hunda** í sveitarfélaginu er **bönnuð** skv. samþykkt um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 60/2012.

Handsömunargjald er 10.000 kr. í hvert skipti sem hundur er handsamaður skv. gjaldskrá um hundahald í Grímsnes- og Grafningshreppi, nr. 141/2012.

Samþykktina og gjaldskrána er hægt að lesa inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is /

Sveitarstjóri

Gróðrarstöðin Ártangi

Opnum **sumarblómasöluna** okkar
laugardaginn 23. maí.

Opið: Í sumar er opið alla daga frá kl. 10-16.

Verðum með: Kryddjurtir,
sumarblóm í úrvali,
Hortensíur,
potta og mold.

☎ 669 0108



FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk



FUNDARGERÐ.

371. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn
í stjórnsýsluhúsinu Borg, þriðjudaginn 16. júní 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Hörður Óli Guðmundsson

Ingibjörg Harðardóttir

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júní 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. júní 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 46. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. júní 2015.

Mál nr. 1, 2 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 46. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 8. júní 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Skóladagatalið og kennslukvóttinn.

Fyrir liggur skóladagatal grunnskóladeildar fyrir skólaárið 2015/2016 og verða kenndir 179 dagar. Jafnframt liggur fyrir kennslukvóti næsta skólaárs og er hann 173,2 með viðbótarkvóta vegna leikskóladeildar. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi skóladagatal og að kennslukvóti skólaársins 2015/2016 verði 173,2 stundir.

Mál nr. 2: Efling menntastig innan Kerhólsskóla.

Fyrir liggur tillaga frá fræðslunefnd um eflingu menntastigs innan Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi tillögu.

Mál nr. 5: Skólaakstur.

Fræðslunefnd leggur til að sveitarstjórn skoði hvaða úrræði eru í boði vegna aksturs leikskólabarna til og frá leikskóla. Sveitarstjórn getur ekki fallist á að taka þátt í akstri leikskólabarna þar sem það er ekki lögbundið verkefni sveitarfélaga.

b) Fundargerð 12. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. nóvember 2014.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

c) Fundargerð 13. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. janúar 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

d) Fundargerð 14. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. apríl 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

e) Fundargerð 15. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. júní 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 15. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 11. júní 2015.



**Húsvörður við Félagsheimilið Borg,
Kerhólsskóla og stjórnsýsluhús
Grímsnes- og Grafningshrepps**

Laust er til umsóknar starf húsvarðar við Félagsheimilið Borg, Kerhólsskóla og stjórnsýsluhús Grímsnes- og Grafningshrepps. Um er að ræða fullt starf með sveigjanlegum vinnutíma.

Starf húsvarðar felst meðal annars í:

- ✓ Útleigu og þrifum á Félagsheimili.
- ✓ Þrifum á stjórnsýsluhúsi.
- ✓ Umsjón/eftirliti með öryggiskerfum húsanna.
- ✓ Móttöku á vörum.
- ✓ Minniháttar viðhaldi á mannvirkjum, umhverfi, áhöldum, tækjum og tækniúnaði sem tilheyrir húsunum.

Viðkomandi þarf að vera stundvís, reglusamur og hafa góða færni í almennum samskiptum. Umsækjandi þarf að sýna fram á hreint sakavottorð.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi, FOSS.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til sveitarstjóra á netfangið gogg@gogg.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en föstudaginn 24. júlí n.k. Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri í síma 480-5500 eða á netfangið gogg@gogg.is



Ípróttu- og æskulýðsfulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps

Grímsnes- og Grafningshreppur auglýsir 50% starf ípróttu- og æskulýðsfulltrúa laust til umsóknar. Leitað er að reglusömum, skemmtilegum og áreiðanlegum einstaklingi sem hefur m.a. til að bera frumkvæði, góða samskiptahæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Helstu starfssvið:

- ✓ Umsjón og ábyrgð á félagsstarfi barna og ungmenna.
- ✓ Skipulagning og framkvæmd viðburða í samráði við önnur félög í sveitarfélaginu.
- ✓ Sinnir fyrirbyggjandi starfi s.s. forvörnum og fræðslu.
- ✓ Samskipti og samstarf við samstarfsaðila og forráðamenn.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ✓ Háskólapróf í tómstunda- og félagsmálafræði eða sambærileg háskólamenntun á uppeldissviði er æskileg.
- ✓ Reynsla af starfi með börnum og ungmennum.
- ✓ Stjórnunarreynsla æskileg.
- ✓ Sjálfstæði og frumkvæði.
- ✓ Skipuleg og fagleg vinnubrögð.
- ✓ Góð samskiptahæfni.
- ✓ Hreint sakavottorð.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um miðjan ágúst.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til sveitarstjóra á netfangið gogg@gogg.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins eigi síðar en föstudaginn 24. júlí n.k. Öllum umsóknum verður svarað.

Efúrfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Leiktæki og leikaðstaða.

Fyrir liggur beiðni frá æskulýðs- og menningarmálanefnd um að sveitarfélagið setji upp brettaramp fyrir börn. Áætlaður kostnaður er tæpar fjórar milljónir. Sveitarstjóra falið að kanna málið í samstarfi við Ungmennafélagið Hvöt.

f) Fundargerð 16. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. apríl 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

g) Fundargerð 17. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 28. apríl 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

h) Fundargerð 18. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 13. maí 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

i) Fundargerð 19. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 18. maí 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

j) Fundargerð 20. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 20. maí 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

k) Fundargerð 21. fundar atvinnuálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 26. maí 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

l) Fundargerð 22. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. júní 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 22. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 9. júní 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Borg í sveit – samantekt.

Sveitarstjórn vill þakka atvinnumálanefnd fyrir vel unnin störf í aðdraganda Borg í sveit og vel heppnaðan dag.

Atvinnumálanefnd leggur til við sveitarstjórn að viðburðurinn Borg í sveit verði endurtekinn að ári, laugardaginn 28. maí 2016. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að svo verði og felur nefndinni að vinna að undirbúningi dagsins..

m) Fundargerð 10. fundar samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. júní 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 10. fundargerð samgöngunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. júní 2015.


Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Úthlutun styrkja til vegabóta á sumarhúasvæðum í sveitarfélaginu..

Samkvæmt reglum sveitarfélagsins um vegbætur í frístundabyggð voru teknar fyrir umsóknir félaga frístundabyggða og sumarhúsa-eigenda þar sem óskað er eftir styrk til vegabóta. Höfð var hliðsjón af úthlutun síðustu ára, aldur svæðanna og fjölda lóða og húsa á svæðunum. 17 umsóknir bárust og samþykkt er að eftirtaldir aðilar fái styrki til vegabóta árið 2015, samtals að fjárhæð kr. 1.800.000.

Félag lóðareigenda í landi Minna-Mosfells 75.000 kr.

Félag sumarhúsaðaeigenda í Norðurkotslandi FSNN 250.000 kr.





Húsið Eyrarbakka



&



<i>Félag lóðareigenda í Farengi (í landi Miðengis) Grímsnesi</i>	<i>100.000 kr.</i>
<i>Félag sumarhúsabyggðar við Ásabraut</i>	<i>75.000 kr.</i>
<i>Félag sumarbústaðaeigenda við 5. braut</i>	<i>50.000 kr.</i>
<i>Hólaborgir, sumarhúsafélag</i>	<i>175.000 kr.</i>
<i>Félag landeigenda við Mosabraut og Hrauntröð í Vaðnesi</i>	<i>75.000 kr.</i>
<i>Félag sumarhúsaeigenda í Kerengi</i>	<i>75.000 kr.</i>
<i>Félag sumarhúsalóða Syðri-Brú</i>	<i>125.000 kr.</i>
<i>Selhóll, félag sumarhúsaeigenda</i>	<i>175.000 kr.</i>
<i>Öndverðanes ehf.</i>	<i>250.000 kr.</i>
<i>Félag lóðareigenda í Miðborgum</i>	<i>75.000 kr.</i>
<i>Klausturhóll félag sumarhúsaeigenda</i>	<i>100.000 kr.</i>
<i>Félag sumarhúsalóðaeigenda við Þórsstíg</i>	<i>50.000 kr.</i>
<i>Búrfell II ehf.</i>	<i>100.000 kr.</i>
<i>Heiðartjörn, félag í frístundabyggð</i>	<i>25.000 kr.</i>
<i>Félag frístundahúsalóðaeigenda Hæðarbrúna í Grímsnesi</i>	<i>25.000 kr.</i>

n) 91. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 11. júní 2015.

Mál nr. 3, 4 og 13 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 91. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 11. júní 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;



Mál nr. 3: 1506024 - Lækjarbakki 12 og 33: Búrfell 1: Deiliskipulagsbreyting

Fyrir liggur umsókn um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar úr landi Búrfells 1. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir gönguleið milli lóðanna Lækjarbakki 12 og 33. Lóð nr. 12 minnkar úr 6.988 fm í 6.719 fm og lóð nr. 33 úr 7.179 fm í 6.988.

Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir hana samhljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, með fyrirvara um samþykki eigenda lóða nr. 33 og 12.

Mál nr. 4: 1502033 - Illagil 21: Kvörtun: jarðvegsmön

Með bréfi byggingarfulltrúa dags. 9. apríl 2015 var óskað eftir viðbrögðum eigenda lóðarinnar Illagils 21 í landi Nesja um ákvörðun skipulagsnefndar um að fjarlægja þurfi jarðvegsmön á lóðinni vegna áhrifa hennar á ásynd og umhverfi. Fyrir liggur svarbréf Sveins Guðmundssonar hrl. dags. 14. maí 2015, f.h. lóðarhafa.

Sveitarstjórn fellst ekki á rökstuðning þann sem fram kemur í bréfinu og telur ekki að hægt sé að líta svo á að þáverandi byggingarfulltrúi hafi heimilað að gengið yrði frá uppgrefti hússins með þeim hætti sem gert var þó svo að hann hafi mælt til þess að uppgröfturinn yrði nýttur innan lóðar. Sveitarstjórn samþykkir að fjarlægja beri mönina þar sem hún hefur áhrif á ásynd og umhverfi frá aðliggjandi lóðum. Skv. X kafla laga um mannvirki nr. 160/2010 er lóðarhafa gert að fjarlægja mönina fyrir 1. ágúst 2015 að viðurlögðum dagsektum kr. 100.000 fyrir hvern dag sem verkið dregst fram yfir þann tíma.

Mál nr. 13: 1506001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-08.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. júní 2015.

o) Fundargerð 24. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 11. júní 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Samstarfssamningur við Fasteignasölu Lögmanna Suðurlandi ehf.

Í gildi er samstarfssamningur milli sveitarfélagsins og Fasteignasölu Lögmanna Suðurlandi ehf. um sölu og verðmat eigna sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að áður nefndum samningi verði sagt upp frá og með næstu mánaðarmótum.

Heldriborgaraferð Kvenfélagsins.

Að vanda bauð Kvenfélagið íbúum 60 ára og eldri í dagsferð sem farin var miðvikudaginn 24. júní. Að þessu sinni var farið um Reykjanesið í dásendar veðri. Það voru 24 einstaklingar sem skelltu sér með og höfðu allir gaman af. Byrjað var á því að skoða Húsið á Eyrarbakka, því næst var haldið um Suðurstrandarveg undir skemmtilegri leiðsögn Unnar Halldórsdóttur. Ekið var inn í Grindavík og þar snætt á Salthúsinu. Því næst var ekið áleiðis til Keflavíkur og var strandlengjan þrædd á leiðinni um Hvalsnesið. Þegar til Keflavíkur var komið skelltu ferðalangar sér á Rokksafnið þar sem rokksagan var skoðuð. Áður en haldið var heim á leið þá var komið við í kaffi á Duushúsinu sem og skoðuð söfnin í húsinu.

Fyrir hönd Kvenfélags Grímsneshrepps, Laufey og Sigga.

Meðfylgjandi eru nokkrar myndir af ferðinni, fleiri myndir má sjá á Facebook síðu Kvenfélagsins.





GRÍMSÆVINTÝRI

8. ágúst



Grímsævintýri 2015 verða á Borg 8. ágúst

Að vanda verður fjölbreytt og skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Tombólan okkar góða verður á sínum stað í félagsheimilinu, handverks- og matarmarkaður verður í íþróttahúsinu, Sprengju-Kata mætir á svæðið og sýnir okkur listir sínar, Hjálparseitin Tintron sýnir tækin sín og tól, útielhús skátanna á Úlfljótsvatni, opnun myndlistasýningar barna úr öllum skólastigum Kerhólsskóla, hoppukastalar, hestaleiga fyrir börn, blöðrur, andlitsmálning og margt fleira skemmtilegt.

Vonumst til að sjá ykkur sem flest 8. ágúst ☺

Fjallkonur fyrri ára

Kvenfélagið er að safna upplýsingum og myndum af fjallkonum fyrri ára í Grímsnesinu. Ef þú lumar á upplýsingum um nafn fjallkonu, ártal og ljóð sem hún fór með vinsamlegast sendið upplýsingar til kvenfel@gmail.com.

Ekki væri verra ef mynd af fjallkonunni myndi fylgja með ef hún er til.

Stjórn Kvenfélags Grímsneshrepps

4. Bréf frá Vegagerðinni vegna úthlutunar úr styrkvegasjóði.

Fyrir liggur bréf frá Vegagerðinni, dagsett 31. maí 2015 þar sem tilkynnt er að sveitarfélagið hafi fengið styrk úr styrkvegasjóði að fjárhæð kr. 500.000 til viðhalds á vegslóðanum með Skeifilfjöllum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja fram mótframlag að fjárhæð kr. 200.000 til viðhalds á vegslóðanum.

5. Erindi frá Suðurlandi FM – Útvarp Suðurlands.

Fyrir liggur erindi frá Suðurlandi FM – Útvarp Suðurlands þar sem boðið er upp á samstarf við sveitarfélagið um fréttir og fróðleik frá sveitarfélaginu. Með samstarfi gefst tækifæri til að fjalla um og kynna hverskyns viðburði, stóra sem smáa, með vikulegu innslagi þar sem farið er yfir það sem er að frétta úr sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samstarf og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.

6. Bréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita bs. vegna endurskoðunar aðalskipulags Bláskógabyggðar.

Fyrir liggur bréf frá Skipulags- og byggingarfulltrúa uppsveita bs., dagsett 27. maí 2015 þar sem tilkynnt er að hafin sé vinna við endurskoðun aðalskipulags Bláskógabyggðar. Bréfið lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna nýs svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæði 2040.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, dagsett 8. júní 2015 þar sem tilkynnt er að nýtt svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins – Höfuðborgarsvæði 2040 hafi tekið gildi. Lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 495. stjórnarfundar 05.06 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 828. stjórnarfundar, 29.05 2015.
- ✓ SÍBS blaðið, 2. tbl. 31. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:05

Forseti Íslands og frú heimsækja Sólheima

Fimmtudaginn 18. júní heimsóttu forseti Íslands herra Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff Sólheima í tilefni af 85 ára afmæli Sólheima í ár.

Forsetahjónin hittu íbúa Sólheima að máli, fengu fræðslu um sögu staðarins, skoðuðu sig um á vinnustofunum og gróðursettu tré við Sólheimakirkju. Heimsóknin var í alla staði vel heppnuð og öllum viðstöddum til mikillar gleði.



Bláskógabyggð og
Grímsnes- og Grafningshreppur



Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðva frá 1. maí til 31. ágúst

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Miðvikudagur		10:00 - 13:00		14:00 - 17:00
Fimmtudagur	10:00 - 12:00		14:00 - 17:00	
Föstudagur			12:00 - 14:00	15:00 - 17:00
Laugardagur		14:00 - 16:00	14:00 - 16:00	14:00 - 16:00
Sunnudagur	10:00 - 12:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00	14:00 - 18:00

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Fridag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Þræstalundur í Þjóðbraut



Opið:

mánudaga til fimmtudaga 10:00 - 21:00

föstudaga til sunnudaga 10:00 - 22:00

Verið velkomin Sími 486-8686

Oft þurfa þeir að hinkra eftir því að Laugdælir leiti Skriðukrók, og ævinlega eru miklir snúningar fram og til baka, því kantmenn hafa mikla ábyrgð í smalamennsku eins og nærri má geta.

Einhverju sinni orti Hjörmundur Guðmundsson á Hjálmsstöðum í smalamennsku á þessum slóðum:

Féð úr haga fagurt rann
og fór ei bagalega.
Við Tindaskagahornið hann
hleypti agalega.

Sami maður orti þessa haganlega gerðu og fallegu vísu um fjallferðir sínar og lífshlaup:

Eg hef skárað engjastör
unnið sárnum mundum.
Setið klár í fjallaför
og fengið tárið stundum.

Á sama hátt skipar fjallkóngur svo mönnum sínum hverjum af öðrum, alla leið vestur í Skjaldbreið. Áður fóru þeir vestustu alla leið vestur í Lambahlíðar, í eftirleit jafnvel vestur fyrir Hrúðurkarla, eins og segir í nýlegri viðtalsmynd við Sigurð Gunnarsson á Bjarnastöðum. Eitt dagsverkið hans í eftirleit var að fara einhesta um 80 kílómetra leið, hringinn í kringum Breiðinn og allan þennan krók vestur fyrir Hrúðurkarla!

Nú fara vestustu fjallmenn í Austurleit fljótlega beina leið að Skjaldbreið, fara hátt í Breiðinn og hafa góða yfirsýn um alla smalaslóð austurleitarinnar. Í góðu samræmi við nýja hætti og talstöðvamenningu fjallmanna, varð þessi vísa til í smalamennsku:

Í göngur fara glaðir, því
í græjur fúsir mala.
Þá búin eru batterí
er byrjað loks að smala. BP.

Bjarni Þorkelsson, kennari Kerhólsskóla



Fjallið Skjaldbreiður

(Ferðavísur frá sumrinu 1841)

Fanna skautar faldi háum
fjallið, allra hæða val;
hrauna veitir bárum bláum
breiðan fram um heiðardal.
Löngu hefur Logi reiður
lokið steypu þessa við.
Ógnaskjöldur bungubreiður
ber með sóma réttnefnið.

Ríð ég háan Skjaldbreið skoða,
skín á tinda morgunsól,
glöðum fágur röðulroða
reiðarslóðir, dal og hól.
Beint er í norður fjallið fríða,
fákur eykur hófaskell,
sér á leiti Lambahlíða
og litlu sunnar Hlöðufell.

Heiðabúar! glöðum gesti
greiðið för um eyðifjöll.
Einn ég treð með hundi og hesti
hraun – og týnd er lestin öll.
Mjög þarf nú að mörgu hyggja,
mikið er um dýrðir hér!
Enda skal ég úti liggja,
engin vættur grandar mér.

Jónas Hallgrímsson

Þetta er aðeins brot úr kvæðinu. Fyrstu tvö erindin eru oftlega sungin í fjallferðum, einkum ef Laugdælingar eru innan seilingar að taka hressilega undir. Þessi sömu erindi voru rækilega æfð á þemadögum Kerhólsskóla í vor, undir stjórn hins ástsæla söngmeistara Magnúsar Kjartanssonar.

Eins og fram kom í síðasta Hvatarblaði, lásu nemendur Kerhólsskóla ýmislegt um Fjallið Skjaldbreið og Jónas Hallgrímsson í þemavíkunni sem kennd var við „Ratleik í heimabyggð“. Inn í það nám var fléttað ýmsum öðrum fróðleik um smalaslóð Grímsnesinga. Hér er sagt nokkuð frá því.

Fjallið Skjaldbreiður, Jónas Hallgrímsson og smalaslóðir Grímsnesinga.

Hjálögð eru þrjú erindi úr miklu kvæði, sem heitir Fjallið Skjaldbreiður. Kvæðið orti þjóðskáldið Jónas Hallgrímsson. Jónas var nú ekki orðinn neitt viðurkennt þjóðskáld þá, þá viðurkenningu hlaut hann ekki fyrr en hann hafði legið í gróf sinni í hálfa til heila öld!

Jónas var náttúrufræðingur og náttúruunnandi, og hugsið ykkur það að slíkur maður skuli jafnframt hafa verið ástsælasta skáld sem Ísland hefur átt.

Jónas hefur kennt okkur að meta margt af dásemdum Íslands, allt frá blómlegum fífilbrekkum, grösugum hlíðum og krúttlegum berjalautum upp í ógnarskjöldinn bungubreiða (Skjaldbreiður) og djúpið mæta mest á Fróni (Þingvallavatn), svo vísað sé til örnefna af smalaslóð hér í sveitum. Jónas hefur margoft beint sjónum okkar að hinni miklu mynd, sem svalar björtum jökulkolli sínum í himinblámans fagurtærri lind og sett á svið fyrir okkur stórkarlaleg eldsumbrot og sögulegar jarðmyndanir.

Eins og fram kemur er Fjallið Skjaldbreiður ferðasaga skáldsins frá 1841. Jónas var þá á ferð við náttúruannsóknir, ásamt nokkrum ferðafélögum. Þeir voru ríðandi eins og nærri má geta. Hestur Jónasar hét Baldur. Jónas varð viðskila við félaga sína í Brunnum á Kaldadalsleið. Hann villtist í þokunni og náði ekki áttum fyrr en hann var kominn langleiðina inn fyrir Skjaldbreið, eða Breiðinn eins og fjallmenn segja gjarnan. Þeir tala um Breiðinn eins og gamlan kunningja og nota stuttnefni eða gælunafn. Jónas verður algerlega heillaður af þessu umhverfi. Hann lætur fyrirberast um nóttina í faðmi fjallanna, kannski alla leið inni á Fífilvöllum, þar sem sér til Lambahlíða og Hlöðufells? Að minnsta kosti lætur hann sér í léttu rúmi liggja hvort hann nær háttum í tjaldstað. Hann finnur sig öruggan, sumarnóttin fer um hann mildum höndum og gefur honum frið og tólm til þess að yrkja eitt af stórbrotnustu ljóðum sem til eru á íslenskri tungu. Á Fífilvöllum var áður tjaldstaður fjallmanna, allt þar til hesthús var byggt undir Kerlingu. Af því er mikil saga, sem kannski verður rífuð upp hér á síðum Hvatarblaðsins áður en langt um liður. Á Fífilvöllum er nú skipt í leitir. Þá skipar fjallkóngurinn í Austurleit mönnum sínum, segir til um hverjir eiga að fara austastir og hitta fjallmenn Laugdælinga við Langa-fellshornið og leita svo fram um Sköflung, vatna hestum sínum í vatnsból-inu í Sköflungshálsi (á Skessubása- eða Eyfirdingavegi) og smala svo Mófell og Skriðuhnjúk, samhliða Laugdælum.